

Fundargerð aðalfundar Arion banka hf.

Aðalfundur Arion banka hf. var haldinn í höfuðstöðvum bankans miðvikudaginn 15. mars 2023 og hófst fundurinn kl. 16:00. Gafst hluthöfum enn fremur kostur á að taka þátt í fundinum eingöngu með rafrænum hætti.

Setning fundar

Fundurinn hófst með því að Brynjólfur Bjarnason, stjórnarformaður Arion banka hf., bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Lagði hann því næst til að Guðbjörg Helga Hjartardóttir lögmaður yrði kjörin fundarstjóri og bárust ekki athugasemdir. Tók Guðbjörg þá við fundarstjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði því næst til að Hrafnhildur Árnadóttir, lögfræðingur í lögfræðiráðgjöf Arion banka hf., yrði kjörin fundarritari og bárust ekki athugasemdir. Tók fundarritari þá þegar við fundarritun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Tók hann fram að boðun fundarins hefði verið með nægilegum fyrirvara í samræmi við ákvæði 88. gr. a. laga um hlutafélög og ákvæði samþykktu bankans. Fundarboð hefði verið birt í upplýsingakerfi Nasdaq sem og á heimasíðu bankans þann 20. febrúar 2023. Þá hefði boðun til fundarins einnig verið birt í dagblaði á Íslandi og Svíþjóð hinn 21. febrúar 2023. Tillögur sem væru til umfjöllunar á fundinum, ásamt skýringum við þær, hefðu verið birtar á á vefsíðu bankans og eftir atvikum í upplýsingakerfi Nasdaq, auk þess sem þær hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans.

Lýsti fundarstjóri fundinn lögsmætan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans væru.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fundurinn væri aðalfundur vegna rekstrarársins 2022.

Þá fór fundarstjóri stuttlega yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu á fundinum, að hún væri rafræn og færi einungis fram með rafræna kosningakerfinu Lumi AGM. Var enn fremur tekið fram að hluthöfum gæfist kostur á senda inn fyrirspurnir og athugasemdir með rafrænum hætti í gegnum kerfið.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. **Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðasta reikningsári**
2. **Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið reikningsár**
3. **Ákvörðun um greiðslu arðs**
4. **Kosning stjórnar bankans, stjórnarformanns og varaformanns stjórnar**
5. **Kosning endurskoðunarfélags**
6. **Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar**
7. **Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
8. **Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
9. **Tillaga að breytingum á starfsreglum tilnefningarnefndar**
10. **Tillaga að breytingum á starfskjarastefnu bankans**
11. **Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**
12. **Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**
13. **Tillögur að breytingum á samþykktum bankans**
14. **Önnur mál**

Fundarstjóri lagði til að dagskrárliðirnir skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið starfsár, þ.e. liðir 1 og 2, yrðu teknir saman til umræðu eftir kynningu á ársreikningi. Enginn hreyfði andmælum við því. Fundarstjóri upplýsti jafnframt að ársskýrsla bankans og áhættuskýrsla bankans væru aðgengilegar á rafrænu formi á vef bankans.

1. Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðasta reikningsári

Brynjólfur Bjarnason, stjórnarformaður Arion banka hf., tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðastliðnu fjárhagsári.

Fundarstjóri upplýsti að 105 hluthafar eða fulltrúar þeirra væru mættir á fundinn sem samtals færu með 858.670.250 atkvæði sem næmi 59,06% hlutafjár í Arion banka hf.

2. Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið reikningsár

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka hf., gerði grein fyrir ársreikningi bankans fyrir síðastliðið starfsár.

Að lokinni ræðu bankastjóra gaf fundarstjóri hluthöfum tækifæri á að tjá sig í tengslum við ársreikning bankans og skýrslu stjórnar.

Engar fyrirspurnir eða athugasemdir bárust.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar:

Stjórn bankans leggur til að ársreikningur bankans og samstæðureikningur vegna ársins 2022 verði samþykktur.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs

Fundarstjóri fór yfir eftirfarandi tillögu stjórnar:

Stjórn bankans leggur til að greiddur verði arður til hluthafa bankans sem nemur 8,5 kr. á hlut, sem jafngildir um 12,5 milljörðum króna, að teknu tilliti til eigin bréfa bankans.

Ef tillaga um arðgreiðslu verður samþykkt verður arðleysisdagur (e. ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs, 16. mars 2023.

Arðsréttindadagur (e. record date) verður 17. mars 2023. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs.

Útborgunardagur (e. payment date) verður 23. mars 2023.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

4. Kosning stjórnar bankans, stjórnarformanns og varaformanns stjórnar

Fundarstjóri tók fram, að samkvæmt lögum og samþykktum bankans, bæri að kjósa stjórn á aðalfundi bankans. Samkvæmt samþykktum bankans skyldi aðalstjórn bankans skipuð 5-8 mönnum og varastjórn allt að þremur, en fundarstjóri tjáði fundarmönnum að stjórn bankans hefði ákveðið að kosningu stjórnar bankans yrði þannig háttað að aðalstjórn yrði skipuð sex einstaklingum og varastjórn tveimur.

Fram kom í máli fundarstjóra að samkvæmt samþykktum bankans skuli þeir sem hyggist gefa kost á sér í aðalstjórn bankans tilkynna um framboð sitt til stjórnar bankans eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í aðalstjórn bankans:

- Brynjólfur Bjarnason
- Liv Fiksdahl
- Gunnar Sturluson
- Paul Horner
- Steinunn Kristín Þórðardóttir
- Kristín Pétursdóttir

Fundarstjóri tók fram að upplýsingar um frambjóðendur, sem veita ber samkvæmt 63. gr. a. laga um hlutafélög, þ.e. nafn, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu auk upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila bankans hefðu komið fram í skýrslu tilnefningarnefndar, sem hefði verið birt á heimasíðu félagsins.

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd hefði í skýrslu sinni lagt til að framangreindir einstaklingar yrðu kjörnir í aðalstjórn bankans.

Fundarstjóri tók fram að þar sem engin frekari framboð hefðu borist væru framangreindir aðilar sjálfkjörnir í stjórn félagsins, án þess að sérstakt stjórnarkjör fari fram.

Því næst var komið að kosningu í varastjórn bankans.

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt samþykktum bankans skuli þeir sem hyggist gefa kost á sér í varastjórn bankans tilkynna um framboð sitt til varastjórnar eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í varastjórn:

- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
- Þröstur Ríkharðsson

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd hefði lagt til að þau Sigurbjörg og Þröstur verði kjörin í varastjórn.

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til varastjórnar bankans hefðu ekki komið fram væru ofangreindir aðilar sjálfkjörnir í varastjórn bankans, án þess að það komi til sérstakrar kosningar.

Í stjórn Arion banka sitja því nú:

- Brynjólfur Bjarnason
- Gunnar Sturluson
- Liv Fiksdahl
- Paul Horner
- Steinunn Kristín Þórðardóttir
- Kristín Pétursdóttir

og varamenn eru:

- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
- Þröstur Ríkharðsson

Þá fór fram kosning formanns stjórnar.

Fundarstjóri nefndi að tilnefningarnefnd hefði lagt til að Brynjólfur Bjarnason yrði endurkjörinn formaður stjórnar. Fór því næst fram kosning stjórnarformanns úr hópi aðalmanna í stjórn. Var Brynjólfur Bjarnason endurkjörinn formaður stjórnar bankans.

Loks fór fram kosning varaformanns stjórnar.

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd legði til að Paul Horner yrði endurkjörinn varaformaður stjórnar. Fór því næst fram kosning varaformanns stjórnar úr hópi aðalmanna í stjórn, að nýendurkjörnum stjórnarformanni undanskildum. Var Paul Horner endurkjörinn varaformaður stjórnar bankans.

5. Kosning endurskoðunarfélags

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar:

Stjórn bankans leggur til að Deloitte ehf. verði kjörið til að halda áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi bankans fram að næsta aðalfundi. Byggir sú tillaga á samningi milli Arion banka og Deloitte ehf. frá desember 2021 og 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykkis fundarins og var hún samþykkt einróma.

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Fundarstjóri greindi frá því að eftirfarandi tillaga stjórnar um þóknun stjórnarmanna, nefndarmanna í undirnefndum stjórnar, og varamanna stjórnar hefði verið lögð fram:

Lagt er til að mánaðarlaun stjórnarmanna verði 550.000 kr., mánaðarlaun varaformanns verði 825.000 kr. og mánaðarlaun stjórnarformanns verði 1.100.000 kr. Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu auk þess fá greiddar 350.000 kr. fyrir hvern stjórnarfund sem þeir sækja í persónu.

Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í undirnefndum stjórnar 225.000 kr. í mánaðarlaun fyrir hverja nefnd og formönnum stjórnarnefnda 337.500 kr. í mánaðarlaun.

Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði 550.000 kr. á ári. Auk þess skulu varamenn stjórnar fá greiddar 275.000 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund.

Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá ofangreindar fjárhæðir greiddar í viðeigandi heimajaldmiðli, miðað við meðaltal opinbers viðmiðunargengis síðustu þriggja ára fyrir aðalfundardag 2023.

Var hluthöfum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna, en enginn tók til máls. Voru atkvæði því næst greidd um tillöguna og var hún samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

7. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri lýsti að fyrir fundinum lægi eftirfarandi tillaga stjórnar:

Stjórn bankans leggur til að þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði fast tímagjald sem nemur 26.500 kr.

Fundarstjóri tók fram að í greinargerð stjórnar með tillögunni sé vísað til skýrslu tilnefningarnefndar bankans en tillagan hafi byggt á tillögum tilnefningarnefndar. Fundarstjóri rakti stuttlega úr skýrslu tilnefningarnefndar varðandi tillöguna. Gaf fundarstjóri hluthöfum tækifæri til að taka til máls um tillöguna.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

8. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri gerði hluthöfum grein fyrir því að samkvæmt þessum lið stæði til að kjósa tvo af þremur nefndarmönnum í tilnefningarnefnd, í samræmi við samþykktir bankans og starfsreglur tilnefningarnefndar. Þriðji nefndarmaðurinn skyldi vera formaður stjórnar bankans eða annar stjórnarmaður sem skipaður yrði af stjórn bankans.

Fundarstjóri kynnti hluthöfum því næst nöfn frambjóðenda og voru þeir eftirtaldir:

- Auður Bjarnadóttir
- Júlíus Þorfinnsson

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til tilnefningarnefndar hefðu ekki komið fram væru framangreindir aðilar sjálfkjörnir í tilnefningarnefnd.

9. Tillaga að breytingum á starfsreglum tilnefningarnefndar

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar:

Stjórn bankans leggur til breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar til að a) reglurnar séu í samræmi við nýtt ákvæði 53. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og b) skýra betur málsmeðferð komi til þess að nefndarmaður í tilnefningarnefnd bankans láti af störfum á milli hluthafafunda.

Fundarstjóri tók fram að drög að uppfærðum starfsreglum tilnefningarnefndar hefðu legið fyrir á heimasíðu félagsins í aðdraganda fundarins.

Fram kom í máli fundarstjóra að Gildi-lífeyrissjóður hefði í aðdraganda fundarins sent bankanum erindi og óskað eftir því að á fundinum yrði gerð grein fyrir eftirfarandi afstöðu sjóðsins og að afstaðan yrði jafnframt færð til bókar í fundargerð fundarins:

„Í fyrirliggjandi tillögu stjórnar er lagt til að bætt verði við ákvæði um að skipun, hlutverk og umgjörð tilnefningarnefndar í samræmi við 53. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Gildi-lífeyrissjóður styður vitaskuld að félagið starfi á hverjum tíma í samræmi við lög en telur þrátt fyrir það rétt að koma á framfæri athugasemdum varðandi efni breytinganna.

Að mati Gildis liggja ekki góð rök að baki því, sem kveðið er á um í hinum nýju lögum, að a.m.k. þriðji hver nefndarmaður í tilnefningarnefnd skuli vera stjórnarmaður og aldrei færri en einn. Að mati Gildis bendir reynslan undanfarin ár meðal skráðra félaga á innlendum markaði raunar til hins gagnstæða, að það sé heppilegra fyrirkomulag að stjórnarmenn eigi almennt ekki sæti í tilnefningarnefndum. Þá kemur það einnig nokkuð spáskt fyrir sjónir, samkvæmt hinum nýju lögum sem verið er að innleiða á þessum fundi, að tilnefningarnefndir banka skuli nú jafnframt að hafa það lögbundna hlutverk að leggja mat á störf framkvæmdastjóra og stefnu fyrirtækisins um ráðningu framkvæmdastjóra og ákveðinna stjórnenda. Að mati Gildis er mun eðlilegra að umrædd verkefni séu á hendi stjórnar, ekki tilnefningarnefndar. Þess ber að geta að ekki er að sjá að ofangreindar breytingar í íslensku löggjöfinni eigi sér endilega stoð í þeim evrópsku reglum sem verið var að innleiða þar sem þessi efnisatriði eiga við um félög með annars konar stjórnskipulag en tíðkast á Íslandi. Gildi telur þessar breytingar ekki til eftirbreytni fyrir önnur skráð félög á markaðinum. Eru þær ef til vill þess eðlis að framangreind lagaákvæði þarfnist í raun endurskoðunar. Gildi-lífeyrissjóður samþykkir fyrirliggjandi tillögu en með framangreindum athugasemdum.“

Fundarstjóri gaf því næst fulltrúum hluthafa að tjá sig um tillöguna.

Athugasemd barst frá Lífsverk lífeyrissjóði þess efnis að sjóðurinn samþykki dagskrárliðinn að teknu tilliti til athugasemda frá Gildi-lífeyrissjóði. Lífsverk óskaði eftir því að afstaðan yrði færð til bókar í fundargerð fundarins.

Engir aðrir hluthafar tóku til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Var tillagan samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

10. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu bankans:

Stjórn bankans leggur til breytingar á starfskjarastefnu bankans í samræmi við gildandi lög, sbr. ákvæði 57. gr. a., b., og e. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fundarstjóri tók fram að drög að uppfærðri starfskjarastefnu hefðu legið fyrir á heimasíðu félagsins.

Fundarstjóri gaf því næst fulltrúum hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna.

Fundarstjóri tók fram að Gildi-lífeyrissjóður hefði lagt fram breytingartillögu að því er varðar þennan dagskrárlið. Með breytingartillögunni voru lagðar til eftirfarandi breytingar á gr. V. Kaupaukakerfi í starfskjarastefnu bankans (undirstrikuðum texta bætt við):

„[...] Greiðsla kaupauka má vera í formi reiðufjár, hlutabréfa, hlutabréfatengdra gerninga eða blöndu af framangreindu. Nemi kaupuki starfsmanns meira en 10% af árslaunum viðkomandi án kaupauka skal minnst helmingur kaupaukans vera í formi hlutabréfa eða hlutabréfatengdra gerninga, eftir því sem við á, sbr. 57. gr. b. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Greiðsla kaupauka í formi hlutabréfa eða hlutabréfatengdra gerninga kann að vera háð skilyrði um frestun greiðslu í samræmi við ákvæði 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 57. gr. b. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Enn fremur gilda ákvæði um endurheimt og ógildingu um greiðslu kaupauka í formi hlutabréfa eða hlutabréfatengdra gerninga. Ef kaupuki er greiddur í formi hlutabréfatengdra réttinda skulu hluthafar upplýstir um skilmála slíkra réttinda og forsendur við verðlagningu þeirra. [...]“

Las fundarstjóri einnig greinargerð Gildis-lífeyrissjóðs með breytingartillögunni.

Í máli fundarstjóra kom fram að stjórn bankans hefði ákveðið að breyta upphaflegri tillögu sinni til samræmis við breytingartillögu Gildis-lífeyrissjóðs, þannig að í viðkomandi málsgrein í gr. V í starfskjarastefnu bankans yrði mælt fyrir um að ef kaupuki væri greiddur í formi hlutabréfatengdra réttinda skulu hluthafar upplýstir um skilmála slíkra réttinda og forsendur við verðlagningu þeirra. Samkvæmt skýringum frá stjórn er ástæðan sú að þessi upplýsingagjöf samræmist að fullu stefnu stjórnar um gagnsæi í starfskjaramálum bankans.

Fundastjóri lagði til að breytingartillagan yrði ekki sérstaklega borin undir atkvæði fundarins heldur yrði hin breytta tillaga stjórnar borin undir atkvæði í heild sinni. Enginn hreyfði andmælum við því fyrirkomulagi.

Athugasemd barst frá Lífsverk lífeyrissjóði um að sjóðurinn samþykkir dagskrárlið 10 að því gefnu að kosið yrði um breytingartillögu Gildi-lífeyrissjóðs, að öðrum kosti kysi sjóðurinn að sitja hjá. Fundarstjóri tók fram að breytingartillagan væri nú orðinn hluti af tillögu stjórnar.

Engir aðrir hluthafar tóku til máls.

Því næst var hin breytta tillaga stjórnar borin undir atkvæði. Var hún samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

11. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár til niðurfellingar á eigin hlutum. Tillaga stjórnar væri svohljóðandi:

„Aðalfundur Arion banka hf., haldinn þann 15. mars 2023, samþykkir að lækka hlutafé bankans um 50.000.000 kr. að nafnverði, eða sem nemur 50.000.000 hlutum, til jöfnunar eigin hluta, úr 1.510.000.000 kr. í 1.460.000.000 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með niðurfellingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga.“

Tillagan felur í sér breytingu á grein 2.1 samþykkt bankans þannig að umrætt ákvæði samþykktanna verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Hlutafé félagsins er kr. 1.460.000.000,00 – einn milljarður fjögur hundruð og sextíu milljónir króna.“

Fundarstjóri las greinargerð stjórnar með tillögunni. Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um tillöguna. Engar fyrirspurnir eða athugasemdir bárust.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

12. Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga um endurnýjun heimildar stjórnar til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum:

Stjórn bankans leggur til að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt. Jafnframt er lagt til að verði tillagan samþykkt verði heimildarinnar getið í viðauka nr. 1 við samþykktir bankans, í stað núverandi viðauka nr. 1 sem fellur niður og skal viðaukinn vera hluti samþykktanna þann tíma sem heimildin er í gildi í sbr. grein 7.1 samþykkt bankans. Tillagan er svohljóðandi:

„Aðalfundur Arion banka hf. haldinn 15. mars 2023 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans allt að 10% af hlutafé hans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem bankinn eignast á grundvelli heimildar þessarar má m.a. nota í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum, sem gerðir eru á milli félagsins og starfsmanna þess, sem og til greiðslu kaupauka, í samræmi við starfskjarastefnu og kaupaukakerfi bankans. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrir fram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, hafi verið veitt.

Heimild þessi gildir fram að aðalfundi bankans árið 2024 en hafi hann ekki farið fram 15. september 2024 rennur hún út í síðasta lagi þann dag. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar. Slík afturköllun skal þó ekki hafa áhrif á endurkaupaviðskipti sem eru þegar hafin, eða þegar hefur verið stofnað til, fyrir þann dag.“

Fundarstjóri las greinargerð stjórnar með tillögunni. Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um tillöguna. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

13. Tillögur að breytingum á samþykktum bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrir fundinum lægju fyrir tillögur að breytingum á samþykktum bankans. Tillögurnar væru tilkomnar vegna nýlegra breytinga á lögum um hlutafélög og lögum um fjármálafyrirtæki og væru breytingartillögurnar svohljóðandi:

Stjórn bankans leggur til að á aðalfundi Arion banka verði samþykktar eftirfarandi breytingar á samþykktum bankans:

- (a) *Að ákvæði 3.3 verði breytt á þann veg að tilvísun í ákvæði 84. gr. b. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki verði breytt í tilvísun til 51. og 52. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR).*
- (b) *Að ákvæði 3.4 verði breytt á þann veg að tilvísun í ákvæði 84. gr. b. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki verði breytt í tilvísun til 51. og 52. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR).*
- (c) *Að ákvæði 10.2 verði breytt sem hér segir:*
„Boðað skal til hluthafafundar minnst 21 degi og lengst 28 dögum fyrir fund, lengst 42 dögum í tilviki aðalfundar, nema skemmri fyrirvari sé heimilaður lögum samkvæmt. Framhaldshluthafafundi skal boða með sama hætti og með sama fresti og aðra hluthafafundi.“
- (d) *Að ákvæði 10.4 verði breytt sem hér segir:*
„Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum aðalfundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um slíkt til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Slíka kröfu má gera síðar, en þó eigi síðar en viku eftir að endanleg dagskrá og tillögur stjórnar fyrir aðalfundinn hafa verið birtar eða 10 dögum fyrir fundinn, eftir því hvor fresturinn rennur út síðar. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins.“

Fundarstjóri tók fram að drög að uppfærðum samþykktum hefðu legið fyrir á heimasíðu félagsins.

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um tillögurnar. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Fundarstjóri lagði til að kosið yrði um tillögurnar í heild. Engin andmæli bárust. Var því næst gengið til atkvæða um tillögurnar. Voru tillögurnar samþykktar með tilskildum meirihluta atkvæða.

14. Önnur mál

Fundarstjóri gaf stjórn bankans og fulltrúum hluthafa kost á að bera fram frekari fyrirspurnir eða athugasemdir.

Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust og engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundarstjóri bauð stjórnarformanni bankans, Brynjólfi Bjarnasyni, að taka til máls. Brynjólfur þakkaði fundarmönnum fyrir hönd stjórnar fyrir stuðninginn og bauð Kristínu Pétursdóttur velkomna í stjórnina.

Þá var fundarmönnum boðið að hlýða á upplestur fundargerðar, kysu þeir svo. Enginn hluthafi óskaði eftir upplestri eða gerði athugasemdir við að fundarstjóri og fundarritari gengju frá fundargerð fundarins.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:49.